



## Hafnarfjarðarbær

b.t. framkvæmdanefndar um uppbyggingu Ásvalla

Hafnarfirði 10.janúar 2016

### Varðar: Stýringu og fjármögnun 1.áfanga uppbyggingar Ásvalla

Haukar eru ánægðir með að Hafnarfjarðarbær hefur tekið ákvörðun um að veita fé til uppbyggingar Ásvalla á þessu ári þó ljóst sé að fjárveitingin 50 m.kr muni ekki duga nema rétt til að koma uppbyggingunni af stað. Áætlaður kostnaður við fyrsta áfanga uppbyggingarinnar hefur verið áætlaður um 370 m.kr.

Haukar hafa ítrekað lýst yfir áhuga á að koma að framkvæmdinni til þess að nýta fé bæjarinns sem allra best sem og að nýta velvilja fyrirtækja tengdum Haukum sem og sjálfboðaliða starf Haukafélaga. Nægir þar að benda á alla þá miklu vinnu sem sjálfboðaliðar Hauka lögðu til við endurnýjun gervigrassins á knattspyrnuvellinum.

Haukar í samstarfi við VHE eru tilbúinir til að fjármagna verkefnið til næstu 3-4 ára. Með því má byggja húsið hratt þannig að hefja megi æfingar í húsinu í síðasta lagi haustið 2017. Haukar myndu auk þess leggja fram a.m.k. 10% kostnaðarinns við bygginguna með sjálfboðavinnu og vinnu fyrirtækja sem styrkja villja Hauka í uppbyggingunni. Haukar myndu eignast samsvarandi hlut í byggingunni.

Haukar leggja fram eftirfarandi tillögu að því hvernig verkinu verði stýrt:

1. Haukar stýra verkefninu í samstarfi við Hafnarfjarðarbæ, lagt til að 3 manna verkefnisstjórn stýri verkinu og vinni að stjórnun verksins í umboði framkvæmdanefndarinnar og skili henni mánaðarlega skýrslu um stöðu verksins. Haukar standi straum að kostnaði við verkefnisstjórn.
2. Arkitektahönnun verksins verði greidd af Hafnarfjarðarbæ en Haukar sjái um verkfræðihönnun verksins náist um það samningar við verkfræðistofur (vilyrði liggja fyrir).
3. Samið verði VHE um uppsteypu hússins og stýriverktöku samhliða fjármögnun verksins. Skilyrði að samningsverð séu ásættanleg.
4. Allir aðrir verkþættir verða síðan boðnir út þ.s. að lágmarki 3 bjóðendur séu um hvern þátt. VHE sem stýriverktaki taki við og geri samning við lægstbjóðendur í hverjum verkþætti og stýri framkvímdum. Nokkrir verkþættir skilgreindir síðar, skildir eftir fyrir sjálfboðaliða Hauka eða fyrirtæki sem styrkja vilja verkefnið.

Með þessu móti telja Haukar að ná megi fram eftirfarandi:

- Góð nýting á þeim takmörkuðu fjármuni sem Hafnarfjarðarbær hefur úr að spila
- Húsið byggist eins hratt upp og mögulegt er.
- Verkefnið nýtir krafta sjálfboðaliða Hauka sem félagslega er mjög jákvætt fyrir Hauka.

Hafi Hafnarfjarðarbær vilja til að skoða þessa leið til að stýra og fjármagna verkefnið betur er lagt til að nánari lýsingar verði gerðar milli Hauka og Hafnarfjarðarbæjar verði gerðar og bundnar inn í samkomulag um verkefnið.

Fyrir hönd aðalstjórnar Hauka

Samúel Guðmundsson Formaður